

# Fundargerð

## Atvinnu- og umhverfisnefndar Flóahrepps

<b>Fundarstaður:</b>	Fjölheimar
<b>Fundardagur:</b>	Miðvikudagur 30.mars 2016
<b>Fundartími:</b>	17:00 – 18:00
<b>Ritari fundar:</b>	Ingunn Jónsdóttir
<b>Fundarmenn:</b>	Rósa Matthíasdóttir Helgi Sigurðsson Jóhann Helgi Jóhansson

### 1) Umhverfisátak í Flóahreppi – „slútt“

Nefndin æltar að kanna hvort áhugi sé fyrir hendi hjá nýju ungmennafélagi, Þjótanda, að halda hreinsunardag í Einbúa líkt og ungmennafélagið Baldur hefur haldið fyrir 17.júní. Þá væri hægt að halda þennan hreinsunardag sem hreinsunarátaks „slútt“ í leiðinni og fá íbúa hreppsins til þess að koma saman og grilla og skemmta sér.

Sé ekki vilji fyrir hendi hjá Þjótanda þá verður „slúttið“ bara í orði og þá í samhengi við veitt umhverfisverðlaun hreppsins sem afhent verða þann 17.júní nk.

Auglýst verður í maí þessa hreinsunarátaksins eftir tilnefningum um eitt býli og eitt fyrirtæki til þess að hljóta umhverfisverðlaun Flóahrepps.

Ábyrgð: Ingunn

### 2) Skilta mál og merkingar við þjóðveg

Rósa ætlar að leggja fram fyrirspurn til sveitastjórnar um stöðu þess máls.

Ábyrgð: Rósa

### 3) Ljósleiðari, heitt vatn og vegakerfið - Áskorun

Við í atvinnu- og umhverfisnefnd leggjum áfram áherslu á að sveitastjórn vinni að miklum eldmóði að uppbyggingu á þeim grunnstoðum sem þurfa að vera til staðar í hverju sveitarfélagi, svo sem heitu vatni, almennilegum vegum og ljósleiðara

Ábyrgð: allir

Fundi slitið kl.18:00